

spurði nann. "Hvernig veit ég? Það var ekkert nema ást, og þess vegna veit ég, að sá sem leit með svo mikilli meðaumkun á þjón sinn, muni annast þá sem ég elskar og láta ljós ásjónu sinnar skína yfir þeim".

Pegar einsetumaðurinn heyði þessi orð, sem voru svo hug-hreystandi, og þó svo óljós, fór hann í burt mjög hugsjíkur. Hvað höfdu þeir séð? og hvers vegna hafði hann einn af öllum þeim sem þar voru, farið á mis við þá sýn sem hann hafði þráð svo mjög. Átti hann aldrei að vita neitt um ásjónu Guðs, nema það að sjá ljómann á andlitum mannanna og trúna í hinum eis-foldu hjörtum þeirra?

Í þessum hugleðingum kom einsetumaðurinn í stóra borg um sólsetur. Og gekk gegnum þróngu strætin að sölubúð vopna-smiðs, sem hann hafði þekt vel einn sunni. Pagar hann kou þangað, sagði hann vopnasmíðnum sögu sína og spurði hann ráða. Vopnasmíðurinn var lítil maður með bogið bak, sem sjaldan hreyfði sig úr einu horni bóðarinnar, þar sem hann sat við vinnu sína. Hann sagði honum dæmisöguna um skjöldinn (sem hann fægði með lófa sínum um leið og hann talaði):—

"Hvern mundi hafa dreymt, þegar þeir komu með geysi-stóran, grásvartan köggul frá austurst önd Afríku hinngað, að hann mundi nokkurn tíma verða þessi gljáandi silfur-skjöldur. Hvað hann var likur óhreita járnskörungnum koparsmiðsins þarna hinu megin á strætinu. En hann var hreinsaður í eldi, hann var beygður og sveigður í eldi, eins og með eru beygðir í striði og á þrautastundum. Ég hefi núið hann og fægt langa lengi — sjáðu þenna undraverða gljáa. Enginn sólargeisi kemist nokkurn tíma inn í þessa þróngu búð. Samt glóir skjöldurinn með skærri birtu, og el þú farir með hann út á opnu vegina, þar sem úlfaldarnir ganga, og léttir hádegissólina skína á hann, þá mundirðu ekki þola að horfa á hann. En hvaðan kemur þessi ljómi? Hver hefti gert sér í hugarlund að hann lægi í litlausa, gráa máluköglum úr námanum í Afríku? eða að eldurinn og núnингurinn gætu framleitt hann? eða að hann sé sólarljósið, þegar það skín aldrei á skjöldinn? Nei, það er edli silfursins að vera skínandi bjart og þetta áskapenda eðli þess kemur í ljós.